

BORGARRÁÐ 1. september 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um frestun verkefna þjónustu- og nýsköpunarsviðs – MSS22090007

Í ljósi alvarlegrar fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar leggur Flokkur fólksins til að dregið verði úr útrás þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON). PON annast m.a. upplýsingatækni og gagnastjórnun, sem og tæknilegum umbótum. Ábyrgð þess er að koma á laggirnar nauðsynlegum stafrænum lausnum til að liðka fyrir þjónustu borgarbúa við Reykjavíkurborg og léttu á vinnu starfsfólks. Það hefur verið ofarlega á forgangslista sviðsins að verða frægt í útlöndum eins og sjá má víða í nýútkominni ársskýrslu sviðsins. Nú þarf að velta við hverri krónu og má sannarlega bíða með risastór og rándýr alþjóðaverkefni á erlendri grund sem snúa að stafrænni vegferð, lausnum sem ekki bráðvantar eða kallað er sérstaklega eftir af borgarbúum.. Sviðið hefur lagt áherslu á að endurnýja ýmsa samninga við erlenda aðila, ráðgjafafyrirtæki og í það hafa farið tugir milljóna. Ekkert lát er á þessu. Ekki er séð hvernig öll þessi ráðgjöf í gegnum árin hefur skilað sér og sannarlega leiðir hún ekki til þess að fólk fái mat á diskinn sinn eða börn fái sálfræðiþjónustu.. Frægðarferill þjónustu- og nýsköpunarsviðs í útlöndum er ekki það sem borgarbúar þurfa núna þegar á sama tíma á að hækka allar gjaldskrár og börn sem bíða sálfræðiaðstoðar og annarri aðstoð telja um 2012.